



Norðurlandi vestra, 5. október 2015.

**Fjárlaganefnd Alþingis,
Vigdís Hauksdóttir, formaður.**

Í tengslum við gerð fjárlaga fyrir árið 2016 óska Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) eftir stuðningi Alþingis í eftirtöldum málum:

- 1. Iðnaðaruppbygging á Norðurlandi vestra/við Hafursstaði í Skagabyggð**
 - ✓ Vegna undirbúnings og innviðagreiningar á Norðurlandi vestra er óskað eftir 75 millj. kr. á ári, árin 2016-2018. Sjá nánar í meðfylgjandi greinargerð.
- 2. Landshlutanefnd Norðurlands vestra**
 - ✓ Fjármagn verði tryggt til að hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem nefndin hefur lagt fram.
- 3. Fjárhagsstaða sveitarfélaga**
 - ✓ Sveitarfélögunum verði tryggðir auknir tekjustofnar til að standa undir launahækkunum og vaxandi kröfum um þjónustu, m.a. skv. lögum og reglugerðum sem ríkisvaldið setur.
- 4. Sóknaráætlun landshluta**
 - ✓ Fjármagn til sóknaráætlana landshluta verði stóraukið svo markmiðið með samningum um sóknaráætlanir standi undir nafni.
- 5. Málefni fatlaðra**
 - ✓ Fjármagn til málaflokksins verði leiðrétt svo hægt sé að uppfylla þær kröfur um þjónustu sem gerðar eru.
 - ✓ Reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði endurskoðaðar hvað þennan málaflokk varðar.
 - ✓ Á Norðurlandi vestra, Fjallabyggð og Dalvík stefnir í 110 millj. kr. halla á árinu 2015.
- 6. Almenningsamgöngur**
 - ✓ Ljóst er að forsendur samnings Vegagerðarinnar við landshlutasamtökin frá árinu 2012 um einkaleyfi á áætlunarakstri hafa ekki haldið. Það hefur leitt til verulegs tekjutaps.
 - ✓ Önnur grunnforsenda samninganna, endurgreiðsla olíugjaldsins, hefur heldur ekki staðist.
 - ✓ Óskað er eftir því að Vegagerðin/ríkisvaldið standi við gerða samninga og bæti landshlutasamtökunum þann halla sem nú þegar er orðinn.

F.h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Adolf H. Berndsen, formaður SSNV

Iðnaðaruppbygging á Norðurlandi vestra

Til: Fjárlaganefndar Alþingis

Frá: Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV)

Dags: 5. október 2015

Málefni: Beiðni um fjárstuðning til markaðssetningar, undirbúnings og skipulags vegna mögulegrar uppbyggingar stóriðju á iðnaðarlóð við Hafursstaði á Norðurlandi vestra.

Samþykkt var þingsályktun á Alþingi, 15. janúar 2014, að koma á samstilltu átaki stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu um eflingu atvinnulífs og sköpun nýrra starfa á Norðurlandi vestra með uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Í framhaldi var undirrituð sameiginleg yfirlýsing sveitarfélaganna og Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 10. október 2014, um eflingu atvinnulífs og sköpun nýrra starfa með nýtingu raforku sem framleidd er í sýslunni.

Verulegt átak þarf að gera til að efla starfsemi í landshlutanum og styrkja byggðina. Langvarandi samdráttur og fækkun íbúa er mikið áhyggjuefni. Þá hefur fækkun opinberra starfa verið veruleg á undanförunum árum.

Til að veita þessari þróun viðspyrnu var framangreind þingsályktun samþykkt og hafa sveitarfélögin á Norðurlandi vestra ákveðið að stofna samráðsvettvang (vinnuheiti IÐNVEST) um atvinnuuppbyggingu og orkufrekan iðnað á Norðurlandi vestra.

Hlutverk IÐNVEST verður að samþætta aðgerðir sveitarfélaganna til að takast á við undirbúning og uppbyggingu á iðnaðarkostum til að efla atvinnulíf í samræmi við ályktun Alþingis. Með samþykkt Alþingis fylgdu ekki fjármunir en ljóst er að verulegur kostnaður hlýst af þeirri undirbúningsvinnu sem fara þarf fram, s.s. leit að iðnaðarkostum og undirbúning iðnaðarlóðar og stórskipahafnar við Hafursstaði í Skagabyggð. Jafnframt þarf að hafa umsjón með uppbyggingu á iðnaðarlóðinni við Hafursstaði og uppbyggingu innviða og grunngerðar í nærliggjandi sveitarfélögum.

Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra hafa undirritað samkomulag við Klappir Development ehf. um undirbúning mögulegrar álframleiðslu og úrvinnsluiðnaðar á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði við Hafursstaði í Skagabyggð. Sveitarfélögin sem um ræðir eru Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagafjörður.

Samkomulag sveitarfélaganna og Klappa var gert í framhaldi þingsályktunarinnar sem áður er nefnd.

Það er vilji sveitarfélaganna að IÐNVEST hafi umsjón með öllum undirbúningi og samningagerð vegna verkefnisins og starfi með sveitarfélögunum hvað varðar alla vinnu við undirbúning, skipulag, úttektir, grunngerð o.fl.

Ljóst er að kostnaður við verkefnið er mikill og sveitarfélögin sem að málinu standa hafa ekki fjárhagslega burði til að standa undir þeim kostnaði.



Vegna verkefnisins þarf, auk ofangreinds, að vinna að samningagerð með lögfræðingum, skipulagsmálum, samfélagsþáttum, greiningu á þörf innviða, hafnargerð, línulagnir, eflingu stoðkerfis við iðnað o.fl.

Gert er ráð fyrir að IÐNVEST ráði framkvæmdastjóra til að sinna verkefnum vegna uppbyggingaráforma á iðnaðarlóðinni.

Til að reka IÐNVEST og vinna að uppbyggingu og skipulagi iðnaðarlóðar og stórskipahafnar við Hafursstaði, samþáttun við skipulag og grunngerð nærliggjandi sveitarfélaga, auk viðræðna og samningagerðar við væntanlega rekstraraðila á iðnaðarlóðinni, er áætlað að kostnaður verði að meðaltali um 110 milljónir kr. á ári, 2016, 2017 og 2018. Þá hefur fallið til kostnaður vegna starfs sveitarfélaganna að undirbúningsvinnu vegna IÐNVEST og viðræðna við Klappir Development á árinu 2015.

Sveitarfélögin óska því hér með eftir því við fjárlaganefnd að Alþingi fjármagni hluta kostnaðar við undirbúning og rekstur IÐNVEST árin 2016, 2017 og 2018, sbr. neðangreindar kostnaðarupplýsingar.

Helstu kostnaðarliðir eru áætlaðir:

<i>Starfsmaður + aðstaða, rekstur</i>	<i>20 mkr./ári</i>
<i>Lögfræðiráðgjöf (hafnar-, ívilmunar- og lóðarsamningur, veitumál)</i>	<i>10 mkr./ári</i>
<i>Verkfræðiráðgjöf, kostnaðargreining, veitumál, grunngerð, skipulag o.fl.</i>	<i>20 mkr./ári</i>
<i>Skipulag og veitumál á iðnaðarlóð</i>	<i>5 mkr./ári</i>
<i>Umhverfismál, Náttúrufræðistofnun Íslands</i>	<i>25 mkr.</i>
<i>Hönnun á höfn, Siglingamálstofnun (áfangi 1 og 2)</i>	<i>20 mkr./ári</i>
<i>Mat á hagþróun (socio economic impact study)</i>	<i>5 mkr.</i>
<i>Samfélagsmál/kannanir/ kynningar</i>	<i>5 mkr./ári</i>
<i>Markaðssetning</i>	<i>20 mkr./ári</i>

Óskað er eftir því að IÐNVEST fái 75 mkr. á fjárlögum 2016, 75 mkr. á fjárlögum 2017 og 75 mkr. á fjárlögum 2018 til reksturs IÐNVEST sem hefur umsjón með markaðssetningu, uppbyggingu á iðnaðarlóðinni við Hafursstaði og uppbyggingu innviða og grunngerðar í nærliggjandi sveitarfélögum.

Erindi þetta er sent í nafni Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra þar sem IÐNVEST hefur enn ekki verið formlega stofnað. Um leið og félagið hefur verið stofnað mun fjárveiting fjárlaganefndar verða ráðstafað á reikning í nafni IÐNVEST.

F.h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Adolf H. Berndsen, formaður
Stefán Vagn Stefánsson Unnur Valborg Hilmarsdóttir